

Greinargerð aðalhönnuðar / byggingarlýsing.

Verkkaupi: Biggi upp ehf
Götuheiti: Tófuflöt
Landnúmer: 229296

Mhl.01 0101	261,9 m²	1045m²
Lóð	2781 ha	
Bílastæði	5 stæði og 1stæði fyrir hreyfihamlaða	
Nýtingarhlutfall	0,0941	

Hönnunarstjóri er Eiríkur Vignir PálssonBFI.

Um er að ræða einbýlishús sem byggt verður úr notuðum verksmiðjuframleiddum einingum frá Moelven í Noregi. Liggur fyrir ástandsskoðun Engilberts Imsland á einingunum og að öðru leiti gildir byggingarlýsing þessi. Einingarnar leggjast á staðsteipta sökkla sem hvíla á þjappaðir fyllingu. Ofan á einingarnar verða sett einangrun,og kraftsperrur, ofaná kraftsperrur kemur borðaklæðning þakdúkur og aluzinkklæðingin. Utan á Moelven einingar verður einangrað með 50mm einangrun, í listagrind og svo loftræst timburklæðning eða lituð málmklæðning.

1 Aðgengi

Aðkoma og húsnaðið sjálf er hannað á forsendum algildrar hönnunar samkv.gr.6.1.2 og gr.6.1.3 í byggingareglugerð.Samkvæmt gr.6.1.3 liður h í byggingareglugerð skal hanna og byggja umferðaleiðir innan íbúðar með öll meginrými á jarðhæð á grundvelli algildrar hönnunar. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra inngangsdýra byggingar skal minnst vera 0,83 m og samsvarandi hæð minnst 2,07 m. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra svala- og garðdyra skal minnst vera 0,80 m og samsvarandi hæð minnst 2,00 m. Þröskuldur við inngangsdýr/útidyr og svala- og garðdyr skal ekki vera hærrien 25 mm. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra innihurða skal minnst vera 0,80 m og samsvarandi hæð minnst 2,00 m.Gangar og anddyri innan íbúða eru samkv.lið 4 gr 6.4.4 í byggingareglugerð.

Yfirborð bílastæðis skal vera með þeim hætti að það þoli álag sem sett verður á það og að það sé frostfritt burðalag undir því. Hindrunarlaust aðgengi skal vera að sorpskýli á lóð. Sorpskýli skal vera samkv. gr.6.12.6 í byggingareglugerð.

2 Einangrun

Við ákvörðun einangrunar byggingarinnar var haft til hlíðsjónar leyfilegt hámark U-gilda einstakra byggingarhluta samkv. gr.13.3.2 tafla 13.01 í byggingareglugerð og ÍST 66:2016.

Kólnunartölur s.k.v. byggingareglugerð, tafla 13.01.	
Útveggir	U - gildi = 0,30 w/msav²°C
Þak	U - gildi = 0,20 w/m²°C
Botnplata	U - gildi = 0,30 w/m²°C
Gluggar og hurðir	U - gildi = 2,0 w/m²°C

Kólnunartölur s.k.v. útreikningi,	
Útveggir	U - gildi = 0,27 w/m²°C
Þak	U - gildi = 0,19w/m²°C
Botnplata	U - gildi = 0,23 w/m²°C

Útveggir eru einangraðir með 150 mm steinullareinangrun. Þak er einangrað með 220 mm steinullareinangrun með vindvörn, eftir viðbætur við einingar tryggja skal a.m.k 25 mm loftræst bíl fyrir ofaneinangrun fyrir loftun þaks. Loftun þaks skal vera samkvæmt útreikningi. Gluggar og hurðir eru viðurkenndir timbur gluggar og hurðir.

3 Hljóðvíst

Húsið skal að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkv. staðlinum ÍST 45. Þar sem um er að ræða einbýlishús án bílageymslu eru ekki sérstakar hljóðeinangrunarkröfur og ljóst að veggir skv byggingarlýsingu þessari uppfylla allar hljóðvistakröfur í samræmi við notkunn sem einbýlishús

4 Brunahönnun

Byggingin er í notkunarflokki 3 samkv. gr.9.1.3 tafla 9.01 í byggingareglugerð.

Brunamótstaða burðarvirkis verður a.m.k. R 60. Allar innanhúsklæðningar í íbúð verða í flokki 2 , gólfefni í flokki G, eða Dfl-s1. Þakklæðningar verða a.m.k í flokki T, eða B(roof.) (t2). Slökkvitæki er staðsett í forstofu. Reykskynjarar eru staðsettir í svefnherbergjum samkv. gr.9.4.3 í byggingareglugerð og skulu samtengdir. Í öllum svefnherbergjum er björgunarop sem uppfyllir kröfur byggingreglugerðar gr.9.5.5 um stærðir og eru 90cmx110cm.

Varðandi slökkvuvatn skal húsbýggandi tryggja að slökkvuvatn sé til staðar og vinna að nánari útfærslu í samráði við slökkvustjóra enda skal það samræmast tækjakosti slökkvuliðs.

5 Burðarþol

Sökkulveggir eru steypir samkv. verkfræðiteikningum. Burðarvirki útvegga er timburgrind. Utan á núverandi timburgrind kemur 50 mm timburgrind og 50mm einangrun og svo krossviður . Á krossvið kemur 25.mm listagrind og loftræst bandsöguð timburklæðning, eða lituð báruklæðning. Setja skal músanet að neðan allan úthringinn. Burðarvirki þaks er timbur, sem hvíla á útveggjum, burðarveggjum og bitum. Þakhalli er 15° Að ofan eru sperrur klæddar með 25 x 150 mm borðaklæðningu, gisklædd ásamt þakpappa og Aluzink báruklæðningu. Burðarveggir og léttir veggir eru timburveggir klæddir með gífsplötuklæðningu eða spónaplötum. Veggir í votrymum skulu vera klæddir með rakaheldum plötum. Allt burðarvirki og allar festingar skulu vera samkv. teikningum frá verkfræðingi.

6 Loftræsing

Vélræn loftræsing (útsog) skal vera úr eldhúsi, baðherbergjum, þvottaherbergi og í gluggalausum rýmum en í öðrumrymum er loftað um opnanleg fög. Loftræsing er samkv. gr.10.2.5 í byggingareglugerð. Útsog úr eldhúsi: 30 l/s Útsog úr baðherbergi: 15 l/s Útsog úr þvottaherbergi: 20 l/s Útsog úr gluggalausum rýmum: 0,2 l/s á m² gólfflatar.


7 Lagnir

Neysluvatnslagnir eru lagðar innan í timburgrind. Lögð verður hitaveita í húsið og ofnlagin verða utanáliggjandi lagnir niður við gólf. Frárennsli skal tengt rotþró sem skal staðsett á lagnauppráttum og í samráði við byggingarfulltrúa. Hitastig vatns við töppunarstað á böðum skal ekki vera það hátt að það skapi hættu á húðbruna. Einnig skal með öryggisbúnaði neysluvatnskefa t.d. varmaskipta eða upplöndunarloka koma í veg fyrir að hiti fari upp fyrir 43°C. Allt lagnaefni skal vera gæðavottað af viðurkenndum aðilum. Inntök hitaveitu, vatnsveitu, rafmagns og síma eru í tæknirými.

8.Annað

Nákvæm staðsetning húss innan byggingarreits og hæðarsetning skal ákveðin á staðnum í samráði við byggingarfulltrúa. Kóti á teikningum er afstaður.

Lyfjakassi og læsanlegur skápur fyrir ræstivörur skal vera í íbúð. Setja skal snjógildruru á þak yfir innganga.



Hnitaskrá Lóðar

Nr	Austur (x)	Norður (y)
1	428086,50	550287,80
2	428185,29	550158,69
3	428062,59	550043,09
4	427958,20	550160,19

Hnitaskrá Byggingarreit

5	428046,20	550080,40
6	428074,70	550105,80
7	428088,20	550090,19
8	428060,29	550064,69

Tákn á teikningum

SL	SLÖKKVITÆKI
RS	REYKSKYNJARI
BO	BJÖRGUNAROP
GN	NIÐURFALL
LR	LOFTRÆSTING
☼	HÆÐARKÓTAR Á GRUNNMYND
±0	HÆÐARKÓTAR Á SNÍÐI
[0101]	NOTEININGANÚMER

15. Desember 2019 Breytingar vegna ábendinga byggingarfulltrúa
15.Júní 2020 afstöðuteikning uppfærð

Pro-Ark teiknistofa
Einbýlishús
Tófuflöt Húnaþingi Vestra.
19-051
Afstaða/byggingarlýsing

Eiríkur Vignir Pálsson BFI
Eiríkur Vignir Pálsson BFI
Kt: 010975-4179

Kjartan Sigurbjartsson BFI
Kt: 190275-5319

Teikn. EVP
Dags. Júlí 2020
Mkv. A2 - 1:1000

A-001